

LÖG

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 107/1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: um að eigendur rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild rýri ekki efnahag leyfishafans eða geri aðrar óvenju-
legar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum til að uppfylla skyldur samkvæmt
lögum og leyfisbréfi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.